



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

1. fundur stjórnar 2025-2026 fimmtudaginn 5. júní 2025
kl. 14.00 - 16.00 í stofu HT-207 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhannu Brynjarsdóttir, Kári Kristinsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Þröstur Olaf Sigurjónsson.

Forföll: Hermína Gunnþórsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Verkaskipting stjórnar
2. Fundartími stjórnar
3. Skipan fulltrúa FPR og FH í ráð um málefni fatlaðs fólks við HÍ til næstu 3ja ára 2025-2028 (Fskj. 1)
4. Skrifstofa félagsins
5. Ofgreiðsla launa þann 1. maí síðastliðinn
6. Ályktanir aðalfundar. Eftirfylgni
7. Fundur trúnaðarmannaráðs
8. Starfshópur um reglur Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora
9. Önnur mál

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 14.05. Hún bauð nýja stjórnarmeðlimi velkomna, þau Kára, Rannveigu og Þröst.

Ragna bað um orðið. Hún tilkynnti úrsögn sína úr stjórn félagsins þar sem hún er að fara til annarra starfa innan HÍ. Var henni þakkað fyrir sín góðu störf í þágu félagsins.

Ragna vék af fundi kl. 14.15.

1. Verkaskipting stjórnar.

Rætt var um verkaskiptingu stjórnar á starfsárinu 2025-2026.

Samþykkt var að Zophonías verði varaformaður og Eyja Margrét gjaldkeri.

Í samninganefnd félagsins verði þau Sigrún og Kári.

Þröstur kom inn á fundinn á Teams kl. 14.20.

2. Fundartími stjórnar.

Fastur fundartími stjórnar verður ákveðinn eftir sumarfrí þegar stundatöflur vegna kennslu liggja fyrir.

3. Skipan fulltrúa FPR og FH í ráð um málefni fatlaðs fólks við HÍ til næstu 3ja ára 2025-2028. (Fskj. 1)

Fulltrúi FPR og Félags háskólakennara er Hanna Björg Sigurjónsdóttir prófessor í fötlunarfræðum við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild HÍ. Tilnefna þarf fulltrúa félaganna í ráðið til næstu 3ja ára.

Samþykkt var að Hanna Björk verði áfram fulltrúi félaganna í ráðinu.

4. Skrifstofa félagsins.

Eins og kom fram á síðasta fundi rennur leigusamningur félagsins í Borgartúni 27 út þann 1. júlí nk. Félaginu býðst samningur á sömu kjörum í sex ár í viðbót. Er það sami leigutími og skrifstofa BHM hefur samið um. Ákveðið var að fá nánari upplýsingar um uppsagnarákvæði samningsins áður en ákvörðun er tekin varðandi undirritun samningsins.

5. Ofgreiðsla launa þann 1. maí síðastliðinn.

Eins og fram kom á stjórnarfundinum þann 7. maí sl. urðu mistök við launakeyrslu þann 1. maí sl. í kjölfar undirritun kjarasamningsins sem fólu í sér að margir fengu ofgreitt. Margt félagsfólk hefur haft samband við félagið og er ósátt við vinnubrögð Fjársýslunnar. Fólk tók við greiðslum í góðri trú og hefur ekki fengið fullnægjandi skýringar á því hvernig ofgreiðslan var reiknuð út og hvernig endurgreiðslum verður háttað. Formaður fékk fund með Fjársýslunni og kom á framfæri athugasemdir varðandi skort á upplýsingagjöf og fleira.

Viðbrögð félagsins voru rædd frá ýmsum hliðum. Formaður hefur verið í sambandi við lögmann BHM um réttarstöðu félagsfólks. Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi.

6. Ályktanir aðalfundar. Eftirfylgni.

Rætt var um ályktanir aðalfundar um Sáttmálasjóð og fæðisfé hjá HÍ. Ályktanirnar voru sendar háskólaráði strax eftir fundinn. Ákveðið var að fylgja málunum betur eftir hjá Samráðsnefnd um kjaramál og með fundi með rektor.

Þá var til umræðu samþykkt aðalfundar sem varðar umboð stjórnar til að taka upp viðræður við önnur stéttarfélög með sameiningu akademíks starfsfólks opinberu háskólanna í huga í eitt félag. Rætt var um mismunandi leiðir í þeim efnum. Kanna þarf betur lagalegu hlið málsins og ræða við þau félög sem um ræðir. Formaður mun fylgja málinu eftir.

7. Fundur trúnaðarmannaráðs.

Stefnt er að fundi trúnaðarmannaráðs í september. Nánari tímasetning verður ákveðin eftir sumarfrí.

8. Starfshópur um reglur Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora.

Starfshópur um reglur Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora var skipaður á stjórnarfundum 7. maí sl. Guðný Björk Eydal var skipuð formaður hópsins. Gert er ráð fyrir að hópurinn taki til starfa í haust en Guðný mun boða til fyrsta fundar.

9. Önnur mál.

a) Samstarf FPR, FH, FHA og FÍN.

Formaður sagði frá umræðum FPR, FH, FHA og FÍN um mögulegt samstarf í tengslum við 7. gr. vinnuna um jöfnum launa á milli markaða og við undirbúning næstu kjarasamninga. Viðræður eru í gangi um hvernig best sé að vinna að því máli. Nauðsynlegt er að gera greiningar á launakjörum og launaþróun háskólafélaganna sem nýtast í kjarabaráttunni. Viðræður halda áfram í næstu viku. Formaður mun upplýsa um gang mála á næsta fundi.

b) Lokun skrifstofunnar í sumar.

Framkvæmdastjóri fer í veikindaleyfi 24. júní og verður frá í einhvern tíma.

Ákveðið var að skrifstofan verði lokuð vegna sumarleyfa frá 24. júní til 6. ágúst.

Ef erindi eru brýn getur fólk sent formanni tölvupóst eða hringt í hana á meðan.

c) Næsti fundur.

Næsti stjórnarfundur verður föstudaginn 15. ágúst kl. 12-14 við Háskólatorg, stofu HT-207.

Það voru ekki fleiri önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.

Fundarritari: LÞ.